

Staða launafólks á Íslandi

*Niðurstöður spurningakönnunar Vörðu
Verkalýðsfélag Vestfirðinga*



Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar Vörðu – Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Ábyrgðaraðili: Kristín Heba Gísladóttir

Höfundar: Kristín Heba Gísladóttir, Margrét Einarsdóttir og Adda Guðrún Gylfadóttir

Úrvinnsla tölfraeðilegra gagna: Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir, Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Adda Guðrún Gylfadóttir

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík

Sími: 535 5629

Netfang: rannvinn@rannvinn.is

Vefsíða Vörðu: rannvinn.is

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1 Inngangur.....	4
2 Aðferð.....	5
Þýði og úrtak.....	5
Vigtun gagna.....	6
Mælingar.....	7
Marktækniþróf.....	8
3 Niðurstöður.....	9
Staða félaga VerkVest.....	9
Staða félaga VerkVest – samantekt.....	12
Fjárhagsstaða félaga VerkVest.....	12
Fjárhagsstaða VerkVest félaga– samantekt.....	19
Heilsufar félaga VerkVest.....	19
Heilsufar félaga VerkVest– samantekt.....	20
Viðhorf atvinnulausra félaga VerkVest til þjónustu.....	20
4 Heimildaskrá.....	22
Viðauki 1.....	23

Töfluyfirlit

Tafla 1. Flokkun aðildarféлага vegna vigtunar gagna.....	6
Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.....	7
Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning.....	9
Tafla 4. Staða á vinnumarkaði eftir stéttarfélagi.....	10
Tafla 5. Starfshlutfall í hlutabótaleið í samræmi við vinnu sem innt var af hendi eftir stéttarfélagi og kyni.....	11
Tafla 6. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stéttarfélagi og kyni.....	13
Tafla 7. Fjöldi tegunda fjárhagsaðstoðar eftir stéttarfélagi og kyni.....	14
Tafla 8. Efnislegur skortur eftir stéttarfélagi og kyni.....	15
Tafla 9. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir stéttarfélagi og kyni.....	16
Tafla 10. Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí eftir stéttarfélagi og kyni.....	17
Tafla 11. Staða á húsnæðismarkaði eftir stéttarfélagi og kyni.....	18
Tafla 12. Andleg heilsa, líkamleg heilsa, þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu eftir stéttarfélagi og kyni.....	19
Tafla 13. Ánægja eða óánægja atvinnulausra með þjónustu Vinnuálastofnunar eftir stéttarfélagi og kyni.....	20
Tafla 14. Ánægja eða óánægja atvinnulausra með þjónustu stéttarfélagsins eftir stéttarfélagi og kyni.....	21

Formáli

Kæri formaður

Í maí 2020 stofnuðu ASÍ og BSRB Vörðu – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins með það fyrir augum að efla rannsóknir og auka fræðilega þekkingu á högum og lífsskilyrðum launafólks. Varða er sjálfseignastofnun en stofnendur hennar fjármagna hana til helminga. Stjórn Vörðu er skipuð Drífu Snædal, forseta ASÍ, Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB, Garðari Hilmarssyni, varaformanni Sameykis, Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar og Kolbeini Hólmari Stefánssyni, dósent við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands. Við Vörðu er einn starfsmaður.

Strax við stofnun Vörðu kviknaði áhugi á því að gera rannsókn sem veitti innsýn í stöðu félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Forsvarsfólk Vörðu taldi slíka rannsókn hafa tvenns konar ávinning. Í fyrsta lagi gæfist tækifæri til þess að afla upplýsinga um stóran hluta vinnumarkaðarins er varða þætti sem forystufólk innan verkalýðshreyfingarinnar hefur haft tilfinningu fyrir en ekki tölur um og var þá strax rætt um fjárhagslega stöðu, heilsu og stöðu á húsnæðismarkaði. Slík gögn gætu verið mikilvæg í baráttu forystunnar fyrir betri hag og kjörum. Í öðru lagi var ljóst að slík upplýsingaöflun gæti reynst aðildarfélögunum mikilvæg þar sem gæfist kostur á, ef þátttaka innan félagsins væri nægjanleg, að greina stöðu félaganna og skoða í samanburði við heildarniðurstöðurnar. Hér skiptir samanburðurinn sköpum þar sem hann gefur upplýsingunum annað vægi.

Könnunin er fyrsta stóra rannsóknaverkefni Vörðu og er hún afsprengi góðrar tengingar aðildarfélaga ASÍ og BSRB við sína félaga. Könnun sem þessi hefði ekki getað orðið að veruleika nema fyrir þína hjálp og góða þátttöku þinna félaga. Vonandi munu niðurstöðurnar koma ykkur að notum.

Kristín Heba Gísladóttir

Framkvæmdastjóri Vörðu

1 Inngangur

Efnahagskreppan í kjölfar útbreiðslu kórónuveirunnar hefur valdið víðtækum breytingum á vinnumarkaði og daglegu lífi. Rétt rúm tíu ár eru síðan íslenska bankakerfið hrundi með tilheyrandi atvinnuleysi og alvarlegum afleiðingum fyrir lífsskilyrði og kjör fólks.

Í ljósi breyttrar stöðu á vinnumarkaði þótti ástæða til að leggja fyrir spurningakönnun meðal launafólks innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB til að afla upplýsinga um fjárhagslega, andlega og líkamlega heilsu launafólks á tímum kórónuveirunnar. Auk þess var sérstaklega horft til að ná til atvinnulausra og afla upplýsinga um stöðu þeirra í samanburði við launafólk. Markmið könnunarinnar er að veita upplýsingar um stöðu:

1. Launafólks út frá fjárhagsstöðu og heilsu.
2. Atvinnulausra út frá fjárhagsstöðu, heilsu og atvinnuleit.
3. Innflytjenda út frá fjárhagsstöðu, heilsu og stöðu á vinnumarkaði.
4. Ungs fólks út frá fjárhagsstöðu, heilsu og stöðu á vinnumarkaði.

Könnunin var lögð fyrir í lok nóvember og byrjun desember 2020 og er aðferð hennar lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar innan þíns félags og er hún sett fram í samanburði við stöðu annarra félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB.

2 Aðferð

Könnunin var ætluð félögum í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands og BSRB. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og var hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Hægt var að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku. Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaganna tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Í tölvupóstinum voru upplýsingar um markmið könnunarinnar, netslóð inn á hana og texti sem óskað var eftir að væri sendur með tölvupósti til félagastéttarfélaganna sem var á íslensku, ensku og pólsku. Leiðbeiningar um upplýsingagjöf komu fram í póstinum þar sem félögin voru beðin um að senda út tilkynningu um könnunina og ítrekun viku síðar. Upphaflega var ráðgert að dreifa könnuninni eingöngu með tölvupósti eða smáskilaboðum til félagastéttarfélaganna. Eftir ábendingar um að reynsla margra félaganna væri sú að mun betra væri að dreifa slíkum upplýsingum í gegnum samfélagsmiðla var ákveðið að heimila slíka dreifingu. Hvernig beiðni um þátttöku var send út var í höndum hvers og eins stéttarfélags. Könnunin var opin frá 25. nóvember 2020 til 8. desember 2020.

Þýði og úrtak

Könnunin var þýðisrannsókn og því opin öllum félagsmönnum heildarsamtaka ASÍ og BSRB að undanskildum félögum Eflingar en úrtak var tekið úr þeirra hópi sem er lýst síðar. Greiddandi félagar innan 46 aðildarfélaganna ASÍ voru 120.220 þann 1. janúar 2020. Þar af voru Eflingarfélagar 23.609 og félagar innan aðildarfélaganna ASÍ sem þýðisrannsóknin náði til því samtals 96.611. Innan BSRB voru í janúar 2020 samtals 21.919 félagar í 23 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 118.530 einstaklingar. Í þeim hópi var svarhlutfallið 7%, sem samsvarar 8.461 einstaklingum.

Hjá félagsfólki Eflingar voru tekin tvö úrtök úr tveimur þýðishópum. Félagar í Eflingu sem voru á almennum atvinnuleysisbótum eða á hlutabótum hjá Vinnumálastofnun í september 2020 lentu í öðrum þýðishópnum, þýði I. Samtals voru 4.036 félagar Eflingar í þýði I og 1.000 manna slembiúrtak tekið úr þeim hópi, Efling I. Eflingarfélagar sem greiddu félagsgjöld af tekjum sem voru 25% eða meira af lágmarkstekjutryggingu í október 2020 og voru ekki á skrá Vinnumálastofnunar lentu í seinni þýðishópnum, þýði II. Samtals 19.573 félagar Eflingar voru í þýði II og 1.000 manna tilviljunarúrtak tekið úr þeirra hópi, Efling II. Hjá Eflingu fengu aðeins þau sem lentu í úrtökunum tveimur beiðni um þátttöku og ítrekanir voru aðeins sendar þeim hópi. Samtals 141 svar barst frá þeim sem lentu í fyrra úrtakinu og svarhlutfall því 14,1% en samtals 147 svör bárust frá þeim sem lentu í seinna úrtakinu og svarhlutfall þar því 14,7%.

Vigtun gagna

Gögnin úr könnuninni voru vigtuð til þess að svörin endurspegli betur þýðið. Aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB skipt í vigtunarflokka eftir eðli þeirra starfa sem félagar í viðkomandi félögum sinna. Þrjú aðildarfélaganna féllu ekki í neinn flokk og voru vigtuð sér. Að auki lenda þýði I og þýði II hjá Eflingu hvort í sínum vigtunarfloknum. Skiptingin er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna

Vigtunarflokkur	Félög
ASÍ 1	AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðsfélagið Hlíf.
ASÍ 2	Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR.
ASÍ 3	Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi, Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús, Félag tæknifólks í rafiðnaði, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja.
ASÍ 4	BYGGIÐN - Félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járníðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, FHS - Félag hársnyrtisveina, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - Félag vélstjóra og málm-tæknimanna.
ASÍ 5	Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn.
BSRB 1	Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, FOSS - stéttarfélag í almannajónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyja.
BSRB 2	Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins.
BSRB 4	Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Tollvarðafélag Íslands.
FÍF	Félag íslenskra flugumferðarstjóra.
FFÍ	Flugfreyjufélag Íslands.
LEIÐSÖGN	LEIÐSÖGN - Stéttarfélag leiðsögumanna.
Efling I	Eflingarfólk í vinnu.
Efling II	Eflingarfólk á atvinnuleysisbótum eða á hlutabótaleið.

Öllum flokkunum sem tilheyra þýðiskönnuninni var upphaflega gefin úrtaksvogin 1 en Eflingarflokkunum úrtaksvog miðað við líkur á að lenda í úrtaki. Efling I fékk þannig úrtaksvogina 19,57 en Efling II úrtaksvogina 4,04. Lokavog var síðan reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í upprunavogina. Til þess að fá vigtaðan fjöldi svara (vigtað N) í sama hlutfall og upprunalegan fjölda svara (N) var síðan deilt í þá vog með stuðlinum „samtals fjöldi í þýði/samtals fjöldi svara“.

Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka

Vigtunarflokkur	Svarhlutfall	Úrtaksvog	Lokavog
ASÍ 1	2,6%	1	38,63
ASÍ 2	7,6%	1	13,22
ASÍ 3	13,7%	1	7,27
ASÍ 4	9,4%	1	10,60
ASÍ 5	9,7%	1	10,26
BSRB 1	8,8%	1	11,39
BSRB 2	12,8%	1	7,81
BSRB 4	10,6%	1	9,46
FÍF	14,7%	1	6,82
FFÍ	47,7%	1	2,10
LEIÐSÖGN	17,1%	1	5,86
Efling I	37,8%	1	2,65
Efling II	14,7%	19,57	133,15

Mælingar

Andleg líðan: Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þeirra (Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir o.fl., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjórgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n, dapur/döpur eða vonlaus. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyfa þig eða tala svo hægt að aðrir hafa tekið

eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus eða óróleg(ur) að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dái(n) eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Þróunarmiðstöð, e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke og Spitzer. 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

Efnislegur skortur: Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimsíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrennt af ofantöldum þáttum á við um (Hagstofa Íslands, e.d.).

Marktæknipróf

Pearsons kí-kvaðrat próf (χ^2) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikmörk, * = $p < 0,05$, ** = $p < 0,001$.

3 Niðurstöður

Í niðurstöðum er byrjað á því að skoða lýðfræðilega þætti félagsfólks í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga eftir kyni, aldri, innflytjendastöðu, búsetu og menntun. Greint er frá stöðu á vinnumarkaði og að auki er hlutfall þeirra sem nýtt hafa hlutabótaleiðina skoðað sem og hvort vinnuframlag hafi verið í samræmi við starfshlutfall. Í framhaldinu er fjárhagsstaða og heilsufar greint. Að lokum er greint frá viðhorfi atvinnulausra félaga VerkVest til þjónustu Vinnumálastofnunar og stéttarfélagsins við atvinnulausa.

Staða félaga VerkVest

Hér á eftir verður staða félaga VerkVest skoðuð og borin saman við stöðu félagsfólks annarra aðildarféлага innan ASÍ og BSRB. Fyrst er fjallað um samsetningu út frá kyni, aldri, menntun og búsetu. Næst er fjallað um stöðu á vinnumarkaði.

Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	N	P
<i>Kyn</i>				8700	0,679
Kona	56,8%	55,8%	55,9%		
Karl	43,2%	44,2%	44,1%		
<i>Aldur</i>				8700	0,007*
< 30 ára	18,9%	14,5%	14,7%		
30-69 ára	81,1%	85,5%	85,3%		
<i>Hjúskaparstaða</i>				8726	0,028*
Einhleyp(ur)	16,9%	21,7%	21,4%		
Sambúð eða hjónaband	78,8%	73,3%	73,6%		
Fráskilin(n) eða ekkja/ekkill	4,3%	5,0%	5,0%		
<i>Menntun</i>				8714	0,001**
Grunnskólastig	38,1%	23,7%	24,5%		
Framhaldskólastig	47,7%	50,0%	49,8%		
Háskólastig	14,1%	25,3%	25,6%		
<i>Innflytjendastaða</i>				8729	0,055*
Innfædd(ur)	80,6%	83,9%	83,7%		
Innflytjandi	19,4%	16,1%	16,3%		

Lýðfræðileg samsetning VerkVest er önnur en lýðfræðileg samsetning félagsfólks annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB sem þátt tóku í rannsókninni hvað varðar aldur, hjúskaparstöðu, menntun og innflytjendastöðu og er munurinn tölfræðilega marktækur eins og tafla 3 sýnir.

Hlutfall ungs fólks í VerkVest er hærra en hlutfall ungs fólks almennt innan annarra ASÍ og BSRB félaga (18,9% á móti 14,5%). Hærra hlutfall félaga VerkVest er með menntun á grunnskólastigi (38,1% á móti 23,7) en lægra hlutfall með menntun á framhaldsskólastigi (47,7% á móti 50%) og háskólastigi (14,1% á móti 25,3%) en innan annarra aðildarfélaga ASÍ og BSRB. Hlutfall innflytjenda innan VerkVest er hærra en innan annarra aðildarfélaga (19,4% á móti 16,1%). Marktækur munur er á hjúskaparstöðu félaga VerkVest samanborið við félaga annarra aðildarfélaga en örlítið lægra hlutfall eru einhleyp (16,9% á móti 21,7%) og hærra hlutfall félaga VerkVest er í sambúð eða hjónabandi (78,8% á móti 73,3%).

Tafla 4. Staða á vinnumarkaði eftir stéttarfélagi

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	p
Öll				
<i>Vinnumarkaðsstaða</i>				0,005*
Í launaðri vinnu	79,1%	78,6%	78,6%	N = 8649
Á uppsagnarfresti	0,4%	1,6%	1,5%	
Atvinnulaus	7,5%	10,3%	10,2%	
Önnur staða	13,0%	9,5%	9,7%	
<i>Hlutabótaleið</i>				0,017*
Já, nýtt hlutabótaleið	17,2%	21,8%	21,5%	N = 8650
Konur				
<i>Vinnumarkaðsstaða</i>				0,160
Í launaðri vinnu	81,9%	78,4%	78,6%	N = 4828
Á uppsagnarfresti	0,7%	1,5%	1,5%	
Atvinnulaus	6,9%	10,6%	10,4%	
Önnur staða	10,5%	9,6%	9,6%	
<i>Hlutabótaleið</i>				0,003*
Já, nýtt hlutabótaleið	26,4%	21,5%	21,8%	N = 4826
Karlar				
<i>Vinnumarkaðsstaða</i>				0,004*
Í launaðri vinnu	75,2%	78,9%	78,7%	N = 3821
Á uppsagnarfresti	0%	1,7%	1,6%	
Atvinnulaus	8,4%	10,0%	9,9%	
Önnur staða	16,3%	9,5%	9,8%	
<i>Hlutabótaleið</i>				0,875
Já, nýtt hlutabótaleið	30,1%	20,6%	21,2%	N = 3824

Tafla 4 sýnir tölfræðilega marktækan mun á stöðu á vinnumarkaði eftir stéttarfélagi. Þannig er hlutfall félagsfólks VerkVest í launaðri vinnu örlítið hærra en meðal annarra stéttarfélaga

(79,1% á móti 78,6%), færri eru á uppsagnarfresti (0,4% á móti 1,6), færri atvinnulaus (7,5% á móti 10,3%) og fleiri í annarri stöðu (13% á móti 9,5%) en félagsfólk samanburðarfélaga. Enn fremur nýtti félagsfólk VerkVest hlutabótaleiðina tölfræðilega marktækt í minni mæli en félagsfólk annarra aðildarfélaga ASÍ og BSRB (17,2% á móti 21,8%).

Pegar atvinnustaða er greind út frá kyni fæst ekki tölfræðilega marktækur munur í tilfalli kvenna og staða VerkVest kvenna um margt svipuð því sem almennt er meðal kvenna í samanburðarfélögum. Þó nýttu VerkVest konur hlutabótaleiðina markvert meira en aðra konur (26,4% á móti 21,5%). Tölfræðilega marktækur munur er á vinnumarkaðsstöðu karla eftir stéttarfélagi og hlutfall VerkVest karla í launaðri atvinnu lítillega lægra en í öðrum félögum (75,2% á móti 78,9%). Þrátt fyrir að hlutfall VerkVest karla sé í launaðri atvinnu sé aðeins minna en annars staðar voru engir karlar á uppsagnarfresti og hlutfall atvinnulausra lægra en í samanburðarfélögum (8,4% á móti 10%). Þessi dreifing skýrist að mörgu leyti vegna þess að talsvert fleiri eru með aðra stöðu á atvinnumarkaði en í öðrum stéttarfélögum innan ASÍ og BSRB (16,3% á móti 9,5%). Vísbendingar eru um að VerkVest karlar hafi nýtt sér hlutabótaleiðina í meira mæli en aðrir karlar (30,1% á móti 20,6%) en munurinn reyndist ekki tölfræðilega marktækur.

Svarendur sem sögðust hafa nýtt hlutabótaleiðina voru spurðir að því hvort minnkað starfshlutfall hafi verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi á meðan úrræðið var nýtt. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 5.

Tafla 5. Starfshlutfall í hlutabótaleið í samræmi við vinnu sem innt var af hendi eftir stéttarfélagi og kyni

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	p
Öll				0,192
Já	63,3%	72,6%	72,2%	N = 1821
Nei, vann meira	24,1%	17,6%	17,9%	
Nei, vann minna	12,7%	9,8%	9,9%	
Konur				0,807
Já	68,4%	72,8%	72,6%	N = 1016
Nei, vann meira	18,4%	16,9%	16,9%	
Nei, vann minna	13,2%	10,3%	10,4%	
Karlar				0,151
Já	58,5%	72,4%	71,7%	N = 805
Nei, vann meira	29,3%	18,6%	19,1%	
Nei, vann minna	12,2%	9,0%	9,2%	

Tafla 5 sýnir að ekki er tölfræðilega marktækur munur á því hvort starfshlutfall hafi verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi eftir stéttarfélagi. Þó benda niðurstöðurnar

hugsanlega til þess að félagsfólk VerkVest hafi í minni mæli starfað í samræmi við umsamið starfshlutfall miðað við önnur félög (63,3% á móti 72,6%). Enn fremur segja niðurstöðurnar lítið til um almenna tilhneigingu hvað þetta varðar þar sem bæði fleiri svarendur sögðust vinna meira (24,1% á móti 17,6%) og minna (12,7% á móti 9,8%) en starfshlutfall sagði til um.

Sömu tilhneigingar gæti þegar starfshlutfallið er greint eftir kyni þó munurinn sé ekki tölfræðilega marktækur. Í tilfelli kvenna virðist fyrirkomulag VerkVest kvenna ríma nokkuð vel við fyrirkomulag kvenna í öðrum félögum þó kvenkyns VerkVest svarendur segist hafa starfað í örlítið minna mæli í samræmi við starfshlutfallið en aðrar konur (68,4% á móti 72,8%). Að sama skapi sögðust fleiri VerkVest konur bæði hafa unnið meira (18,4% á móti 16,9%) og minna (13,2% á móti 10,3%) en starfshlutfall sagði til um miðað við konur í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Í tilfelli VerkVest karla bendir allt til þess að karlar hafi starfað í minni mæli í samræmi við umsamið starfshlutfall en karlar annarra stéttarféлага (58,5% á móti 72,4%). Munurinn reyndist þó ekki tölfræðilega marktækur.

Staða félaga VerkVest – samantekt

Niðurstöðurnar sýna að efnahagsþrengingarnar af völdum faraldursins hafa ekki bitnað harðar á atvinnuöryggi félagsfólks VerkVest en á atvinnuöryggi félagsfólks annarra aðildarféлага innan ASÍ og BSRB. Þannig er hlutfall atvinnulausra féлага VerkVest lægra en annarra aðildarféлага. Nokkuð hátt hlutfall félagsfólks VerkVest er þó í annarri stöðu og sker félagið sig frá öðrum félögum hvað það varðar. Hlutabótaleiðin var tölfræðilega marktækt minna nýtt af félagsfólki VerkVest en í samanburðarfélögum og hlutfallslega færri svarendur á hlutabótaleiðinni unnu í samræmi við umsamið starfshlutfall þó munurinn hvað starfshlutfallið hafi ekki verið tölfræðilega marktækur.

Fjárhagsstaða félaga VerkVest

Fjárhagsstaða launafólks á vinnumarkaði var skoðuð í könnuninni og metin með nokkrum spurningum. Svarendur voru spurðir að því hversu auðvelt eða erfitt þeir eiga með að ná endum saman, hvort þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð, hvort þeir búi við skort á efnislegum gæðum, hversu oft á síðastliðnum fimm árum þeir hafi tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí og hver staða þeirra á húsnæðismarkaði sé.

Tafla 6. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stéttarfélagi og kyni

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	p
Öll				0,019*
Auðvelt	32,9%	34,8%	34,7%	N = 8679
Nokkuð auðvelt	42,6%	37,3%	37,6%	
Frekar erfitt	18,5%	18,4%	18,4%	
Erfitt	6,0%	9,5%	9,3%	
Konur				0,008*
Auðvelt	26,8%	31,1%	30,9%	N = 4851
Nokkuð auðvelt	47,5%	38,1%	38,7%	
Frekar erfitt	18,8%	19,6%	19,6%	
Erfitt	6,9%	11,2%	10,9%	
Karlar				0,557
Auðvelt	41,0%	39,6%	39,6%	N = 3828
Nokkuð auðvelt	36,2%	36,3%	36,3%	
Frekar erfitt	18,1%	16,8%	16,9%	
Erfitt	4,8%	7,3%	7,2%	

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt launafólkið á með að ná endum saman eftir stéttarfélagi eru birtar í töflu 6. Taflan sýnir að hlutfallslega færri félagsfólk VerkVest á auðvelt með að ná endum saman en í samanburðarfélögum (32,9% á móti 34,8%). Þessi munur jafnast þó út að einhverju leyti því fleiri félagsmenn VerkVest áttu nokkuð auðvelt með að ná endum saman (42,6% á móti 37,3%) en í öðrum félögum. Þetta þýðir að stór meirihluti, eða 75,5%, félagsfólks VerkVest hafi átt auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman. Hlutfallið í öðrum félögum er 72,1%. Þrátt fyrir þetta er ákveðinn hópur, eða 24,5%, félagsfólks VerkVest á þó frekar erfitt eða erfitt með að ná endum saman. Munur eftir stéttarfélagi hvað þetta varðar reyndist tölfræðilega marktækur.

Þegar greint er eftir kyni sést að í tilfelli kvenna er tölfræðilega marktækur munur á því hver auðvelt eða erfitt var að ná endum saman eftir stéttarfélagi. Þannig áttu færri VerkVest auðvelt (26,8% á móti 31,1%), fleiri nokkuð auðvelt (47,5% á móti 38,1%), svipað frekar erfitt (18,8% á móti 19,6%) og færri erfitt (6,9% á móti 11,2%) með að ná endum saman í samanburði við launakonur annarra stéttarféлага. Þó ber að nefna að þrátt fyrir að færri VerkVest konur hafi átt auðvelt með að ná endum saman þá jafnast sá munur út að vissu leyti þegar litið er til þess að samanlagt áttu 74,3% VerkVest kvenna auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman sem er töluvert hærra hlutfall en hjá konum í öðrum félögum (69,2%). Munurinn reyndist ekki tölfræðilega marktækur eftir stéttarfélagi í tilfelli VerkVest karla og

dreifingin þar nokkuð í samræmi við önnur stéttarfélög sem liggja til samanburðar. Þó virðist staða VerkVest vera nokkuð betri þar sem töluvert færri karlkyns svarendur sögðust eiga erfitt með að ná endum saman en karlar í öðrum félögum (4,8% á móti 7,3%).

Tafla 7. Fjöldi tegunda fjárhagsaðstoðar eftir stéttarfélagi og kyni

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	p
Öll				0,467
Engin fjárhagsaðstoð	88,8%	86,8%	86,9%	N = 8637
Ein tegund	9,8%	11,5%	11,4%	
Tveir eða fleiri tegundir	1,5%	1,7%	1,7%	
Konur				0,331
Engin fjárhagsaðstoð	87,2%	85,4%	85,5%	N = 4826
Ein tegund	12,1%	12,7%	12,6%	
Tveir eða fleiri tegundir	0,7%	2,0%	1,9%	
Karlar				0,130
Engin fjárhagsaðstoð	90,8%	88,6%	88,7%	N = 3811
Ein tegund	6,8%	10,1%	9,9%	
Tveir eða fleiri tegundir	2,4%	1,3%	1,4%	

Svarendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi, ættingjum/vinum, félags- eða hjálparsamtökum og/eða mataraðstoð síðastliðna tólf mánuði. Tafla 7 sýnir að hærra hlutfall VerkVest félaga hafa ekki fengið neina gerð fjárhagsaðstoðar (88,8% á móti 86,8%), lægra hlutfall hafði fengið eina tegund (9,8% á móti 11,5%) og örlítið lægra hlutfall hafði fengið tvær eða fleiri tegundir (1,5% á móti 1,7%) en í öðrum félögum. Munurinn reyndist þó ekki tölfræðilega marktækur.

Þegar fjárhagsaðstoð var greind eftir kyni kom í ljós keimlík tilhneiging í tilfalli kvenna og dreifingin mjög í takti við önnur félög þó staða VerkVest kvenna sé ef til vill lítillega betri. Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur. Að sama skapi er munur eftir stéttarfélagi ekki tölfræðilega marktækur í tilfalli VerkVest karla. 90,8% karlkyns VerkVest svarenda sögðust þó ekki hafa fengið neina fjárhagsaðstoð sem er ögn hærra hlutfall en hjá körlum í öðrum stéttarfélögum (88,6%).

Tafla 8. Efnislegur skortur eftir stéttarfélagi og kyni

		VerkVest	Önnur félög	Samtals	N	P
Vanskil á leigu/lánnum	Öll	5,8%	6,0%	6,0%	8604	0,839
	Konur	2,5%	6,3%	6,1%	4798	0,011*
	Karlar	10,0%	5,6%	5,9%	3806	0,008*
Ekki árlegt frí með fjölskyldu	Öll	12,8%	16,6%	16,4%	8605	0,027*
	Konur	15,6%	19,5%	19,2%	4798	0,112
	Karlar	9,1%	13,0%	12,8%	3807	0,097
Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag	Öll	4,9%	4,5%	4,5%	8605	0,658
	Konur	4,3%	5,4%	5,3%	4798	0,470
	Karlar	5,7%	3,4%	3,6%	3807	0,085
Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum	Öll	20,0%	21,9%	21,8%	8605	0,326
	Konur	20,7%	25,1%	24,9%	4798	0,095
	Karlar	19,1%	17,8%	17,9%	3807	0,635
Ekki efni á síma	Öll	1,0%	1,0%	1,0%	8606	0,925
	Konur	1,8%	1,1%	1,1%	4798	0,247
	Karlar	0,0%	0,9%	0,8%	3808	0,170
Ekki efni á sjónvarpstæki	Öll	1,4%	2,5%	2,5%	8606	0,136
	Konur	1,8%	2,7%	2,6%	4799	0,373
	Karlar	1,0%	2,3%	2,2%	3807	0,539
Ekki efni á þvottavél	Öll	2,1%	2,3%	2,3%	8605	0,738
	Konur	1,8%	2,3%	2,3%	4798	0,568
	Karlar	2,4%	2,2%	2,2%	3807	0,881
Ekki efni á bíl	Öll	3,5%	6,9%	6,8%	8606	0,003*
	Konur	3,6%	7,9%	7,6%	4799	0,009*
	Karlar	3,3%	5,8%	5,6%	3807	0,139
Ekki nægileg upphitun	Öll	0,8%	0,8%	0,8%	8605	0,976
	Konur	0,7%	1,1%	1,1%	4798	0,553
	Karlar	1,0%	0,5%	0,5%	3807	0,375

Niðurstöður um efnislegan skort eftir stéttarfélagi eru birtar í töflu 8. Þær sýna tölfræðilega marktækan mun á milli félagsfólks VerkVest og félagsfólks í öðrum stéttarfélögum á tveimur þeirra nýu efnislegu þátta sem mældir voru og er staða félaga VerkVest betri. Þannig eru tölfræðilega marktækt færri félagsmenn VerkVest sem eiga ekki efni á árlegu frí (12,8% á móti 16,6%) og sömuleiðis færri sem eiga ekki efni á bíl (3,5% á móti 6,9%) en í samanburðarfélögum. 5,8% svarenda sögðust vera í vanskilum á leigu/lánnum, 4,9% sögðust ekki eiga efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag, önnur 20% sögðust ekki geta mætt óvæntum útgjöldum, 1% sögðust ekki eiga efni á síma, 1,4% ekki efni á sjónvarpstæki, 2,1% ekki eiga

efni á þvottavél og 0,8% ekki efni á nægilegri upphitun. Fjárhagsstaða VerkVest félaga, hvað þessi atriði varðar, rímar afar vel við fjárhagsstöðu launafólks í öðrum stéttarfélögum.

Þegar fjárhagsstaða var greind út frá kyni kom í ljós tölfræðilega marktækur munur eftir stéttarfélagi í tilfalli kvenna á tveimur þeirra níu efnislegu þátta sem mældir voru og staða VerkVest kvenna betri. Þannig var hlutfall VerkVest kvenna í vanskilum á leigu/lánum lægra (2,5% á móti 6,3%) og hlutfallslega færri áttu ekki efni á bíl (3,6% á móti 7,9%) en í samanburðarfélögum. Að öðru leyti er fjárhagsstaða VerkVest kvenna í nokkuð miklu samræmi við fjárhagsstöðu kvenna í öðrum stéttarfélögum. Í tilfalli VerkVest karla reyndist eingöngu tölfræðilega marktækur munur á hlutfalli karla sem voru í vanskilum og staða VerkVest karla mun verri en annars staðar (10% á móti 5,6%). Að öðru leyti var staða VerkVest að mestu leyti í töluverðu samræmi við fjárhagsstöðu karla í öðrum félögum.

Tafla 9. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir stéttarfélagi og kyni

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	P
Öll				0,026*
Enginn	73,2%	68,4%	68,7%	N = 8605
Einn	12,8%	15,6%	15,4%	
Tveir	8,7%	7,7%	7,7%	
Þrjár eða fleiri	5,4%	8,3%	8,1%	
Konur				0,054
Enginn	69,9%	64,0%	64,4%	N = 4798
Einn	17,4%	17,5%	17,5%	
Tveir	7,6%	8,8%	8,7%	
Þrjár eða fleiri	5,1%	9,7%	9,4%	
Karlar				0,010*
Enginn	77,5%	74,0%	74,2%	N = 3807
Einn	6,7%	13,1%	12,8%	
Tveir	10,0%	6,3%	6,5%	
Þrjár eða fleiri	5,7%	6,6%	6,6%	

Í töflu 9 eru sýnt hversu marga af þeim efnislegu gæðum sem mæld voru í töflu 8 hver svarandi hefur ekki efni á eftir stéttarfélagi. Tafla 9 sýnir að hærra hlutfall VerkVest félaga býr ekki við skort á neinum þeirra efnislegu gæða sem mæld voru (73,2% á móti 68,4%). Að sama skapi var lægra hlutfall VerkVest félaga sem höfðu fengið eina (12,8% á móti 15,6%) og þrjár eða fleiri tegundir fjárhagsaðstoðar (5,4% á móti 8,3%) en í samanburðarfélögum. Þó var hlutfall þeirra sem fengu tvær tegundir örlítið hærra meðal félagsfólks VerkVest en innan annarra

félaga (8,7% á móti 7,7%). Munur eftir stéttarfélagi á fjölda þátta sem efnislegur skortur var á var tölfræðilega marktækur.

Þegar niðurstöður voru greindar út frá kyni kom í ljós að lítil munur var hjá VerkVest konum og konum úr öðrum félögum og reyndist munurinn ekki tölfræðilega marktækur. Þó virðast niðurstöður benda til þess að VerkVest búi að jafnaði örlítið betur en aðrar konur. Í tilfelli karla reyndist munurinn tölfræðilega marktækur og staða VerkVest karla að einhverju leyti betri en annarra. Þannig voru hlutfallslega fleiri karlkyns VerkVest karlar sem bjuggu við engan efnislegan skort (77,5% á móti 74%) en hjá körlum í öðrum aðildarfélögum ASÍ og BSRB.

Tafla 10. Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí eftir stéttarfélagi og kyni

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	p
Öll				0,001**
Aldrei eða einu sinni	32,4%	23,1%	23,6%	N = 8658
Tvisvar eða þrisvar	26,2%	23,5%	23,7%	
Fjórum eða fimm sinnum	28,5%	36,2%	35,8%	
Oftar en fimm sinnum	12,8%	17,2%	17,0%	
Konur				0,127
Aldrei eða einu sinni	26,0%	23,8%	24,0%	N = 4835
Tvisvar eða þrisvar	24,5%	22,9%	23,0%	
Fjórum eða fimm sinnum	37,4%	35,6%	35,7%	
Oftar en fimm sinnum	12,1%	17,7%	17,4%	
Karlar				0,001**
Aldrei eða einu sinni	40,8%	22,1%	23,1%	N = 3823
Tvisvar eða þrisvar	28,4%	24,4%	24,6%	
Fjórum eða fimm sinnum	17,1%	37,0%	35,9%	
Oftar en fimm sinnum	13,7%	16,6%	16,5%	

Spurt var hversu oft síðastliðin fimm ár svarendur hefðu tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí. Tafla 10 sýnir að hlutfallslega fleiri félagar höfðu tekið sumarfrí aldrei eða einu sinni (32,4% á móti 23,1%), og tvisvar eða þrisvar sinnum (26,2% á móti 23,5%). Að sama skapi voru heldur færri sem höfðu tekið svo langt sumarfrí fjórum sinnum eða fimm sinnum (28,5% á móti 36,2%) og oftar en fimm sinnum (12,8% á móti 17,2%). Um tölfræðilega marktækan mun er að ræða.

Þegar niðurstöðurnar voru skoðaðar eftir kyni kom í ljós að munur eftir stéttarfélagi reyndist ekki tölfræðilega marktækur í tilfelli kvenna þó niðurstöður bendi til þess að VerkVest konur hafi getað farið í frí í meiri mæli en aðrar konur. Hvað varðar karla þá reyndist munur

eftir stéttarfélagi tölfræðilega marktækur og töluvert fleiri VerkVest karlar aldrei eða einu sinni farið í frí (40,8% á móti 22,1%) en karlar í öðrum félögum. Enn fremur kom í ljós að lægra hlutfall VerkVest kvenna hafði aldrei eða einu sinni tekið sumarfrí en VerkVest karla (26% á móti 40,8%).

Tafla 11. Staða á húsnæðismarkaði eftir stéttarfélagi og kyni

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	p
Öll				0,831
Eigið húsnæði	71,0%	71,3%	71,3%	N = 8677
Leiguhúsnæði á almennum markaði	15,8%	16,8%	16,8%	
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	3,9%	4,0%	4,0%	
Hjá ættingjum/vinum	7,9%	6,7%	6,7%	
Annað	1,5%	1,2%	1,2%	
Konur				0,150
Eigið húsnæði	73,2%	71,3%	71,4%	N = 4853
Leiguhúsnæði á almennum markaði	13,0%	16,5%	16,3%	
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	4,3%	4,1%	4,1%	
Hjá ættingjum/vinum	9,4%	7,1%	7,3%	
Annað	0,0%	1,0%	0,9%	
Karlar				0,269
Eigið húsnæði	68,0%	71,3%	71,2%	N = 3824
Leiguhúsnæði á almennum markaði	19,4%	17,2%	17,2%	
Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum	3,4%	3,8%	3,8%	
Hjá ættingjum/vinum	5,8%	6,1%	6,1%	
Annað	3,4%	1,5%	1,6%	

Tafla 11 sýnir mun á stöðu á húsnæðismarkaði eftir stéttarfélagi og er hann ekki tölfræðilega marktækur. Almennt séð virðist húsnæðisstaða félagsfólks VerkVest vera í miklu samræmi við húsnæðisstöðu félaga í öðrum stéttarfélögum sem liggja til grundvallar. Þannig eru til að mynda 71% VerkVest sem segjast búa í eigin húsnæði á móti 71,3% hjá samanburðarfélögum.

Þegar staða félaga VerkVest á húsnæðismarkaði er greind eftir kyni sést að herra hlutfall kvenkyns félaga býr í eigin húsnæði (73,2% á móti 71,3%) og lægra hlutfall í leiguhúsnæði á almennum markaði (13% á móti 16,5%). Ekki er um tölfræðilega marktækan mun að ræða. Hið sama gildir í tilfelli VerkVest karla sem þó virðast færri búa í eigin húsnæði og fleiri í leiguhúsnæði á almennum markaði.

Fjárhagsstaða VerkVest félaga– samantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna lítinn mun á fjárhagsstöðu félagsfólks VerkVest og félagsfólks innan annarra aðildarfélaga ASÍ og BSRB. Hlutfall félagsfólks VerkVest sem á auðvelt eða frekar auðvelt með að ná endum saman er í nokkru samræmi við önnur félög þó hugsanlega sé staðan örlítið betri hjá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga. Ekki fékkst tölfræðilega marktækur munur á fjölda tegunda fjárhagsaðstoðar þó niðurstöður bendi til þess að staðan sé örlítið betri innan VerkVest en í öðrum félögum hvað það varðar. Mikill munur var á sumarfrí eftir kynjum og karlar höfðu hlutfallslega mun sjaldnar farið í tveggja vikna sumarfrí. Húsnæðisstaða félagsfólks VerkVest rímar afar vel við stöðu annarra félaga þó VerkVest karlar búi hlutfallslega færri í eigin húsnæði en aðrir karlar og VerkVest konur.

Heilsufar félaga VerkVest

Þeir heilsufarsþættir sem notaðir voru til að meta heilsufar voru: heildarmat á nýu spurninga skala (PHQ-9) um andlega heilsu, sjálfsmat á líkamlegi heilsu nú um stundir, þörf fyrir heilbrigðisþjónustu síðustu sex mánuði og það að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu á sama tímabili.

Tafla 12. Andleg heilsa, líkamleg heilsa, þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu eftir stéttarfélagi og kyni

Einkenni		VerkVest	Önnur félög	Samtals	N	p
Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum	Öll	23,6%	24,4%	24,4%	8662	0,690
	Konur	25,7%	27,8%	27,7%	4854	0,457
	Karlar	20,8%	20,1%	20,1%	3808	0,816
Slæmt líkamlegt heilsufar	Öll	13,5%	13,7%	13,7%	8683	0,430
	Konur	16,2%	15,4%	15,4%	4856	0,021*
	Karlar	9,8%	11,5%	11,5%	3827	0,020*
Þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum	Öll	59,4%	57,8%	57,9%	8680	0,504
	Konur	67,4%	62,3%	62,6%	4849	0,090
	Karlar	48,8%	52,2%	52,0%	3831	0,338
Neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum	Öll	34,7%	37,3%	37,1%	5002	0,389
	Konur	32,3%	39,8%	39,4%	3020	0,040*
	Karlar	39,2%	33,4%	33,7%	1983	0,222

Tafla 12 sýnir að ekki er tölfræðilega marktækur munur á andlegri heilsu eftir stéttarfélagi og niðurstöðurnar benda til þess að andleg heilsa VerkVest félaga sé svipuð félagsfólki samanburðarfélaga. Taflan sýnir enn fremur að líkamlegt heilsufar kvenkyns félaga VerkVest er tölfræðilega marktækt verra en heilsufar kvenna í öðrum félögum (16,2% á móti 15,4%).

Enn fremur eru VerkVest karlar með tölfræðilega marktækt betri líkamlega heilsu en karlar í öðrum félögum (9,8% á móti 11,5%). Ekki mældist marktækur munur á þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum en kvenkyns VerkVest sögðust þó í meira mæli hafa þörf á slíkri þjónustu en konur í öðrum félögum (67,4% á móti 62,3%). Athyglisvert er að hlutfall VerkVest kvenna sem neituðu sér um lækniþjónustu á tímabilinu er marktækt lægra en hlutfall kvenna í öðrum félögum (32,3% á móti 39,8%). Á hinn bóginn sögðust karlkyns VerkVest svarendur í minna mæli hafa haft þörf á heilbrigðisþjónustu en karlkyns félagar annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB (48,8% á móti 52,2%) en þeir höfðu í meira mæli neitað sér um slíka þjónustu (39,2% á móti 33,4%).

Heilsufar félaga VerkVest– samantekt

Almennt séð er heilsufar VerkVest félaga svipað heilsufari annarra félaga sem liggja til samanburðar. Þó er tölfræðilega marktækur munur á líkamlegu heilsufari VerkVest kvenna og konum í öðrum stéttarfélögum og staða VerkVest kvenna verri. Þrátt fyrir þetta hafa VerkVest konur neitað sér um lækniþjónustu í minna mæli en aðrar konur. VerkVest karlar aftur á móti hafa tölfræðilega marktækt betri líkamlega heilsu en aðrir karlar en hafa í meira mæli neitað sér um heilbrigðisþjónustu.

Viðhorf atvinnulausra félaga VerkVest til þjónustu

Atvinnulausir þátttakendur í könnuninni voru spurðir um viðhorf þeirra til þjónustu

Vinumálastofnunar og stéttarfélagsins þeirra við atvinnulausa.

Tafla 13. Ánægja eða óánægja atvinnulausra með þjónustu Vinnumálastofnunar eftir stéttarfélagi og kyni

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	p
Öll				0,024*
Mjög eða frekar ánægð	47,2%	44,7%	44,8%	N = 944
Hvorki ánægð né óánægð	19,4%	37,3%	36,7%	
Frekar eða mjög óánægð	33,3%	18,0%	18,5%	
Konur				0,377
Mjög eða frekar ánægð	63,2%	46,9%	47,4%	N = 529
Hvorki ánægð né óánægð	26,3%	38,4%	38,0%	
Frekar eða mjög óánægð	10,5%	14,7%	14,6%	
Karlar				0,002*
Mjög eða frekar ánægð	29,4%	42,0%	41,4%	N = 415
Hvorki ánægð né óánægð	11,8%	32,9%	34,9%	
Frekar eða mjög óánægð	58,8%	22,1%	23,6%	

Tæplega helmingur, eða 47,2%, félagsfólks VerkVest er mjög eða frekar ánægt með þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnulausa. 19,4% er hvorki ánægt né óánægt með þjónustuna og 33,3% frekar eða mjög óánægt, eins og sést í töflu 13. Um tölfræðilega marktækan mun er að ræða. Þegar ánægja eða óánægja með þjónustu Vinnumálastofnunar er greind eftir kyni reynist ekki tölfræðilega marktækur munur á viðhorfi kvenna til þjónustu stofnunarinnar en munurinn er marktækur hjá körlum. Hærra hlutfall VerkVest karla er frekar eða mjög óánægt með þjónustu stofnunarinnar en almennt meðal annarra félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB (58,8% á móti 22,1%).

Tafla 14. Ánægja eða óánægja atvinnulausra með þjónustu stéttarfélagins eftir stéttarfélagi og kyni

	VerkVest	Önnur félög	Samtals	p
Öll				0,329
Mjög eða frekar ánægð	40,5%	45,5%	45,3%	N = 945
Hvorki ánægð né óánægð	40,5%	43,5%	43,4%	
Frekar eða mjög óánægð	18,9%	11,0%	11,3%	
Konur				0,360
Mjög eða frekar ánægð	50,0%	46,6%	46,7%	N = 529
Hvorki ánægð né óánægð	50,0%	44,2%	44,4%	
Frekar eða mjög óánægð	0,0%	9,2%	8,9%	
Karlar				0,006*
Mjög eða frekar ánægð	29,4%	44,1%	43,5%	N = 416
Hvorki ánægð né óánægð	29,4%	42,6%	42,1%	
Frekar eða mjög óánægð	41,2%	13,3%	14,4%	

Af félagsfólki VerkVest eru innan við helmingur, eða 40,5% mjög eða frekar ánægð með þjónustu stéttarfélagins við atvinnulausa samanborið við 45,5% almennt meðal annarra félaga aðildarfélaganna. 40,5% eru hvorki ánægð né óánægð með þjónustuna samanborið við 43,5% og 18,9% félaga VerkVest eru frekar eða mjög óánægð með þjónustuna en hlutfallið er 11% meðal félaga annarra stéttarféлага. Munurinn með þjónustu stéttarfélagins við atvinnulausa er þó ekki tölfræðilega marktækur en mikill kynjamunur er á viðhorfunum. Engin kona merkti við að hún væri frekar eða mjög óánægð með þjónustuna en 41,2% karlkynsfélaga.

4 Heimildaskrá

Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarson & Guðmundur Arnkelsson. (2018). Próffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23(2018), 91-100.

Hagstofa Íslands. (e.d). Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands – Lýsigögn. Sótt af:
<https://hagstofa.is/utgafur/lysigogn/lysigogn?fileId=56788>

Kroenke, K. og Spitzer, R.L.(2002). The PHQ-9: A new depression diagnostic and severity measure. *Psychiatric Annals*, 32,(9), 509-515. Sótt af:
<https://www.proquest.com/docview/217052580/F6141C119E91456EPQ/2?accountid=27513>

Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (e.d.) PHQ-9. Sótt af:
<https://throunarmidstod.is/library/Files/PHQ-9.pdf>

Viðauki 1

Breytur:

Hvert er kyn þitt?

Kona

Karl

Kynsegin

Annað

Vil ekki svara

Hver er aldur þinn?

16-19 ára

20-24 ára

25-29 ára

30-34 ára

35-39 ára

40-44 ára

45-49 ára

50-54 ára

55-59 ára

60-64 ára

65-69 ára

Hver ert þú búsett/ur?

Austurlandi

Höfuðborgarsvæðinu

Norðurlandi eystra

Norðurlandi vestra

Suðurlandi

Suðurnesjum

Vestfjörðum

Vesturlandi

Hver er hjúskaparstaða þín?

Einhleyp/ur

Í sambúð

Í hjónabandi/staðfestri samvist

Ekkja/Ekkill

Fráskilin/n/skilin/n að borði og sæng

Hvaða menntun hefur þú?

Grunnskólanám eða sambærilegt

Háskólanám

Iðnnám

Stúdentspróf

Starfstengt nám á framhaldsskólastigi

Hvert er ríkisfang þitt?

Íslenskt

Pólskt

Annað

Hvert er upprunaland þitt?

Ísland

Pólland

Annað

Hversu margir eru búsettir á heimili þínu að þér meðtalinni/meðtöldum?

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5
- 6
- 7
- 8
- 9
- 10

Hversu margir á heimilinu eru undir 18 ára aldri?

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5
- 6
- 7
- 8
- 9

Býrð þú í?

Eigin húsnæði

Leiguhúsnæði á almennum markaði

Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum (s.s. Bjargi, Brynju), eða félagslegu húsnæði

Hjá foreldrum/ættingjum

Annað, hvað?

Hefur þú flutt aftur til foreldra/ættingja í kjölfar COVID-19 faraldursins?

Já

Nei

Hve erfitt/auðvelt er fyrir heimili þitt að láta enda ná saman?

Mjög auðvelt

Auðvelt

Nokkuð auðvelt

Nokkuð erfitt

Erfitt

Mjög erfitt

Hefur heimili þitt fengið eitthvað að eftirfarandi á síðastliðnum 12 mánuðum (merktu við allt sem við á)?

Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags

Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa

Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum

Mataraðstoð

Nei, ekkert af ofantöldu

Annað, hvað?

Á eitthvað af eftirfarandi við um heimili þitt (merktu við allt sem við á)?

Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum

Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu

Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti
annan hvern dag
Get ekki mætt óvæntum útgjöldum
Hef hvorki efni á heimasíma né farsíma
Hef ekki efni á sjónvarpstæki
Hef ekki efni á þvottavél
Hef ekki efni á bíl
Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu
Nei, ekkert að ofantöldu

Hversu oft hefur eftirfarandi vandamál truflað þig síðastliðnar tvær vikur? (Valkostir:
Alls ekki. Nokkra daga. Meira en helming tímans. Nánast alla daga)

Lítill áhugi eða gleði við að gera hluti

Verið niðurdregin/n, dapur/döpur eða vonlaus

Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina

Preyta og orkuleysi

Lystarleysi eða ofát

Liðið illa með sjálfa/n þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig
í stykkinu gagnvart sjálfum þér eða fjölskyldu þinni

Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp

Hreyfa þig eða tala svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða –
verið svo eirðarlaus eða óróleg/ur að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega

Hugsað um að það væri betra að þú bærir dain/n eða hugsað um að skaða þig á
einhvern hátt

Hvernig lýsir þú líkamlegu heilsufari þínu í dag?

Mjög gott

Frekar gott

Hvorki gott né slæmt

Frekar slæmt

Mjög slæmt

Hefur þú haft þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á undanförunum sex mánuðum?

Já

Nei

Hefur þú neitað þér um:

Heilbrigðisþjónustu

Tannlæknaþjónustu

Geðheilbrigðisþjónustu

Nei, ekkert af ofantöldu

Annað, hvað?

Hver er ástæða þess að þú neitaðir þér um heilbrigðisþjónustu?

Kostnaður

Fjarlægð við heimili

Erfitt að fá tíma

Kostnaður við ferðalög til að sækja heilbrigðisþjónustu

Annað, hvað?

Hefur þú tekið þér sumarfrí síðastliðin fimm ár í meira en tvær vikur samfleytt?

Nei

Já, einu sinni

Já, tvisvar

Já, þrisvar

Já, fjórum sinnum

Já, fimm sinnum

Já, oftar en fimm sinnum

Hverjar eru atvinnuhorfur á atvinnusvæði þínu?

Mjög góðar

Frekar góðar

Hvorki góðar né slæmar

Frekar slæmar

Mjög slæmar

Í hvaða stéttarfélagi ert þú?

Hversu mikilvægt telur þú að gera eftirfarandi breytingar á atvinnuleysisbótakerfinu?

Hækka grunnbætur (eru 289.510 kr. á mánuði, áætlað er að hækki í 307.403 kr. á mánuði)

Lenging bóatímabilsins (er 2,5 ár)

Hækkun viðbótargreiðslna vegna barna (er 11.582 kr. á mánuði með hverju barni, áætlað er að hækki í 18.446 kr. á mánuði með hverju barni)

Hækkun hámarks tekjutengdra atvinnuleysisbóta (er 456.404 kr. á mánuði)

Lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta (er sex mánuðir)

Annað, hvað?

Hefur þú nýtt hlutabótaleiðina/minnkað starfshlutfall?

Já

Nei

Var breytt starfshlutfall í samræmi við þá vinnu sem þú inntir af hendi?

Já

Nei, ég vann meira en breytt starfshlutfall sagði til um

Nei, ég vann minna en breytt starfshlutfall sagði til um

Annað, hvað?

Hver er staða þín?

Í launuðu starfi

Atvinnurekandi

Tek lífeyrisgreiðslur/eftirlaunagreiðslur

Nemi

Atvinnulaus

Öryrki

Verktaki

Heimavinnandi

Er á uppsagnarfresti

Annað, hvað?

Hversu lengi hefur þú verið atvinnulaus?

0-3 mánuði

3-6 mánuði

6-9 mánuði

9 mánuði til eitt ár

Lengur en eitt ár

Hefur þú áður verið atvinnulaus?

Já

Nei

Hversu lengi varði það atvinnuleysi?

0-3 mánuði

3-6 mánuði

6-9 mánuði

9 mánuði til eitt ár

Lengur en eitt ár

Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú verðir komin/n með starf innan fjögurra vikna? (Valkostir: Mjög líklegt. Nokkuð líklegt. Nokkuð ólíklegt. Mjög ólíklegt)

Fjögurra vikna

Þriggja mánaða

Sex mánaða

Tólf mánaða

Hefur þú íhugað að flytja eftir að þú misstir vinnuna?

Já, utan

Já, innanlands

Nei

Hefur þú íhugað að fara í nám eftir að þú misstir vinnuna?

Já

Nei

Í hvers konar nám hefur þú íhugað að fara?

Fullorðinsfræðslu

Háskólanám

Iðnnám

Raunfærnimat

Starfsnám

Tungumálanám

Annað, hvað?

Hvers konar nám eða fræðsla kæmi þér best?

Hefur þú leitað að starfi síðustu tvær vikur?

Já

Nei

Hvers vegna hefur þú ekki leitað að starfi síðastliðnar tvær vikur?

Af heilsufarsástæðum

Ekkert starf á mínu atvinnusvæði

Enga vinnu að fá

Lág laun

Margir sem sækja um hvert starf

Vinnutími hentar ekki

Vegna álags og persónulegra skuldbindinga

Annað, hvað?

Hefur þú hafnað starfi síðastliðinn mánuð?

Já

Nei

Hvers vegna hafnaðir þú starfinu (merktu við allt sem við á)?

Of lág laun

Laun sömu eða svipuð og atvinnuleysisbætur

Slæmar vinnuaðstæður

Tímabundið starf

Starfið er langt frá heimili mínu

Vinnutími hentar ekki vegna persónulegra aðstæðna

Starfið krefst búferlaflutninga

Um var að ræða tímavinnu

Af heilsufarsástæðum

Hrædd/ur um að detta út af atvinnuleysisbótakerfinu eða fá kröfu um endurgreiðslu bóta

Annað, hvað?

Hvert af eftirfarandi kæmi til greina þegar kemur að nýju starfi (merktu við allt sem við á)?

Að fara í starf sem krefst minni menntunar en síðasta starf

Að fara í starf sem er ólíkt þeim störfum sem ég hef unnið

Að fara í starf sem krefst þess að ég afli mér nýrrar þekkingar

Að fara í starf þar sem vinnuskilyrði eru lakari en í síðasta starfi

Að fara í starf sem krefst flutninga utan

Að fara í starf sem krefst flutninga innanlands

Að fara í starf með lægri launum en síðasta starf

Ekkert ofantalið kæmi til greina

Annað, hvað?

Áður en þú misstir vinnuna, hvernig mundir þú lýsa líkamlegu heilsufari þínu?

Mjög gott

Frekar gott

Hvorki gott né slæmt

Frekar slæmt

Mjög slæmt

Áður en þú misstir vinnuna, hvernig mundir þú lýsa vinnuálagi þínu?

Mjög miklu

Frekar miklu

Hvorki miklu né litlu

Frekar litlu

Mjög litlu

Áður en þú misstir vinnuna, hvað vannstu að jafnaði marga klukkutíma á viku?

51 klukkustund eða meira

41-50 klukkustundir

31-40 klukkustundir

30 klukkustundir eða færri

Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnulausa?

Mjög ánægð/ur

Frekar ánægð/ur

Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur

Frekar óánægð/ur

Mjög óánægð/ur

Hvaða þætti í þjónustu Vinnumálastofnunar væri hægt að bæta í þjónustu við atvinnulausa, ef einhverja (merktu við allt sem við á)?

Ekkert

Viðmót

Upplýsingagjöf

Rafrænt aðgengi

Aðgengi á staðnum

Fræðslu

Ráðgjöf

Biðtíma eftir afgreiðslu umsókna

Annað, hvað?

Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu stéttarfélagsins þíns við atvinnulausa?

Mjög ánægð/ur

Frekar ánægð/ur

Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur

Frekar óánægð/ur

Mjög óánægð/ur

Hvaða þætti í þjónustu stéttarfélags þíns við atvinnulausa væri hægt að bæta, ef einhverja (merkту við allt sem við á)?

Ekkert

Viðmót

Upplýsingagjöf

Rafrænt aðgengi

Aðgengi á staðnum

Fræðslu

Ráðgjöf

Biðtíma eftir afgreiðslu umsókna

Annað, hvað?

Ef atvinnuleysisbótakerfinu yrði breytt, hvers konar breyting skipti þig mestu máli (merkту við allt sem við á)?

Hækkun grunnbóta (eru 289.510 kr. á mánuði, áætlað að hækki í 307.403 kr. á mánuði)

Lenging bótatímabilsins (er 2,5 ár)

Hækkun viðbótargreiðslna vegna barna (er 11.582 kr. á mánuði með hverju barni, áætlað er að hækki í 18.446 kr. á mánuði með hverju barni)

Hækkun viðbótargreiðslna vegna barna (er 11.582 kr. á mánuði með hverju barni, áætlað er að hækki í 18.446 kr. á mánuði með hverju barni)

Hækkun hámarks tekjutengdra atvinnuleysisbóta (er 456.404 kr. á mánuði)

Lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta (er sex mánuðir)

Engar breytingar

Annað, hvað?